



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 22. maí 2017 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur 2016 (seinni umræða)

a. Álit skoðunarmanna

Fyrir fundinum lá skýrsla skoðunarmanna dags. 6. maí 2017, þar sem þeir gera grein fyrir athugun sinni á bókhaldi sveitarfélagsins.

Skýrslan var til kynningar.

b. Samantekt um ársreikning milli umræðna

Fyrir fundinum lá samantekt sveitarstjóra og endurskoðanda þar sem gerð er grein fyrir breytingum sem urðu milli umræðna og svarað er fyrirspurnum sem fram komu við fyrri umræðu.

Samantektin var til kynningar.

c. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana 2016 (seinni umræða):

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana sem var til fyrri umfjöllunar 19. apríl 2017. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðunnar voru 559,0 m.kr. en voru 576,6 m.kr. árið 2015 og hafa lækkað um 3,1% milli ára. Rekstrarniðurstaða var jákvæð á árinu um 22,7 m.kr. í samanburði við 33,5 m.kr. jákvæða afkomu árið 2015. Rekstrargjöld samstæðu námu 551,3 m.kr. en voru 561,1 m.kr. 2015. Tap var af rekstri A hluta fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld að fjárhæð 1,8 m.kr. en rekstrarniðurstaðan jákvæð um 6,5 m.kr. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar reyndist 26,7 m.kr. betri en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir en rekstrarafkoma ársins var jákvæð um 22,7 m.kr.

Heildareign sveitarfélagsins námu í árslok kr. 1.706 og eigið fé var um 1.247 m.kr.

Langtímaskuldir sveitarfélagsins námu 259,2 m.kr. og tilheyra þær eingöngu félagslegum íbúðum. Veltufjárhlutfall samstæðunnar nam 14,59 en var 13,06 í árslok 2015.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi var veltufé frá rekstri samstæðunnar 81,7 m.kr. og handbært fé frá rekstri nam 80,5 m.kr. Engin ný lán voru tekin á árinu. Handbært fé samstæðunnar nam 539,9 m.kr. í árslok auk 124,5 m.kr. skammtímaverðbréfaeignar en handbært fé var 490,7 m. kr. í árslok 2015 og þá nam skammtímaverðbréfaeign 142,4 m.kr. Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti hann og áritaði að lokinni umræðu.

2. Félagslegar íbúðir

Fyrir fundinum lágu gögn vegna sölu tveggja íbúða að Suðurvegi:



a) Kaupsamningur um Suðurveg 2 við Jónas Skaftason
Sveitarstjórn samþykkti kaupsamninginn og fól sveitarstjóra að undirrita hann.

b) Tilboð í Suðurveg 6 frá Einari Gunnarssyni.
Sveitarstjórn samþykkti kauptilboðið og fól sveitarstjóra að ljúka sölu eignarinnar í samræmi við það.

3. Skipun eins fulltrúa í tómstunda og menningarmálanefnd

Á fundi sveitarstjórnar 19. apríl s.l. var frestað að kjósa í tómstunda- og menningarmálanefnd í stað Sigurlaugar Ingimundardóttur sem óskaði lausnar frá störfum vegna brottflutnings. Samþykkt að Ástrós Elísdóttir taki sæti í nefndinni í stað Sigurlaugar. Jafnframt samþykkt að Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir verði formaður nefndarinnar í stað Sigurlaugar.

4. Vegvísir, drög að aðgerðaráætlun fyrir Höfðaskóla

Fyrir fundinum lágu drög að aðgerðaráætlun fyrir Höfðaskóla sem unnið er að skv. bókun í kjarasamningi milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Sveitarstjóri kynnti drögin og gerði grein fyrir þeirri vinnu sem lögð hefur verið í verkefnið. Málið var til kynningar.

5. Bréf

a. Lyfju hf, Sigurbj. Gunnarssonar, dags. 19. maí 2017
Í bréfinu er tilkynnt um breytta þjónustu Lyfju á Skagaströnd.
Bréfið var til kynningar.

b. Sýslumanns Nl.vestra, dags. 9. maí 2017
Með bréfinu er óskað umsagnar sveitarstjórnar um gistileyfi skv. umsókn dags.01.05.2017, þar sem Lárus Ægir Guðmundsson kt. 041146-4439, Hólabraut 24, Skagaströnd, f.h. Lauru ehf. kt. 531003-2090, sækir um leyfi til að reka gististað í flokki II / minna gistiheimili, að Einbúastíg 2, Fnr. 213-9143, 545 Skagaströnd.
Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að leyfið yrði veitt.

c. Samtaka sjárvarútvegssveitarfélaga, dags. 2. maí 2017
Með bréfinu var sendur ársreikningur samtakanna 2016. Ársreikningurinn var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við hann.

6. Fundargerðir:

a. Aðalfundur Ferðamálafélags A-Hún, 25.04.2017
Fundargerðin var til kynningar.

b. Stjórnar SSNV, 9.05.2017
Fundargerðin var til kynningar.

c. Aðalfundur Farskólans, 10.05.2017
Fundargerðin var til kynningar.



d. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 28.04.2017

i. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2016

Fundargerðin og ársreikningurinn voru til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við þau.

7. Önnur mál

Umræður urðu um umhverfismál og rætt um að koma á hreinsunardegi þar sem boðin væri gjaldfrjáls aðgangur að gámasvæðinu. Sveitarstjóra falið að vinna í málinu.

Sveitarstjórn tók til umfjöllunar þá stöðu sem komin er upp í sjúkraflutningum á svæðinu. Svohljóðandi ályktun var samþykkt samhljóða:

Sveitarstjórn Skagastrandar lýsir miklum áhyggjum af þeirri alvarlegu stöðu sem komin er upp í sjúkraflutningsmálum í héraðinu og skorar á Velferðarraðuneytið og Fjármálaráðuneytið að ljúka við gerð kjarasamning við hlutastarfandi sjúkraflutningamenn í samræmi við þá skuldbindingu og ábyrgð sem í starfinu felst.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 9.30

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson